



SKYLDINGASAMBAND ÍSLANDS

Engjavegi 6, 104 Reykjavík, Ísland



Reykjavík, 1. apríl 2009

Heimsmeistaramótið í skyldingum unglunga



600 keppendur frá 90 löndum

Dagana 5 – 13 apríl n.k. verður heimsmeistaramót unglunga í skyldingum haldið í Belfast á N-Írlandi. Fjögur ungmenni á aldrinum 16 til 19 ára hafa verið valin til þátttöku fyrir hönd Íslands og keppa þau í skyldingum með höggsvörði.

Fyrir hönd Íslands keppa:



Gunnhildur Garðarsdóttir



Ingibjörg Laufey Guðlaugsdóttir



Sigrún Inga Garðarsdóttir



Sævar Baldur Lúðvíksson

Þjálfari og fararstjóri er framkvæmdastjóri Skyldingasambands Íslands Nikolay Ivanov Mateev sem einnig tekur þátt í árlegum fundi hjá alþjóða Skyldingasambandinu.

Þrátt fyrir ungan aldur eru þetta allt margverðlaunaðir skyldingarmenn bæði hérlendis sem og erlendis enda eru hér bæði Íslandsmeistarar og Norðurlandameistarar á ferðinni.

Það er mikill heiður fyrir Ísland og íslenskt skyldingarfolk að fá að taka þátt í þessu sterka og umfangsmikla heimsmeistaramóti og ekki síður er það mikill heiður fyrir þá einstaklinga sem valdir hafa verið til þátttöku í þetta skiptið. Mótið er geysi sterkt og ekki síst viðamikilið en þátttakendur eru fleiri en 600 frá 90 löndum. Keppt er bæði í flokki 17 ára og yngri og í flokki 20 ára og yngri. Gunnhildur keppir í báðum flokkunum en Ingibjörg Laufey, Sigrún Inga og Sævar í flokki 20 ára og yngri.

Alþjóða skyldingasambandið FIE bauð Gunnhildi að taka þátt í æfingarbúðum sem tengist mótinu. Æfingarbúðirnar standa yfir í heila viku fyrir mótið. Þetta er afar dýrmætt tækifæri fyrir Gunnhildi en hún mun öðlast mikilvæga reynslu.

Heimasíða keppinnar er : <http://www.worldfencing2009.com/english-eng>

Dagskrá mótsins: http://www.fie.ch/download/homepage/fr/09.01.29_ConfirmedProgramme.pdf

Nánari upplýsingar veitir:

Nikolay Mateev gsm: 8980533

SKYLDINGAFJÖLSKYLDAN

